

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 - Sveifluháls

Sveifluháls er móbergshryggur sem liggur meðfram Kleifarvatni, Seltúni og Krýsuvík að vestanverðu. Einnig hefur hálsinn verið nefndur Austurháls. Sérstaða svæðisins felst í móberginu sem kemur fram í ýmsum formum og myndum. Getur það ýmist verið fínkornótt, grófkornótt eða lagskipt og má sá í því fjölbreytt rofform (1. mynd). Víða má sjá basaltganga í móberginu, en þeir eru einna tilkomumestir þar sem þeir standa lóðréttir upp úr mýkra móberginu sem veðrast hraðar. Við Seltún má finna jarðhita og þar upp af eru litríkar háhitaummyndanir en Náttúrustofa Suðvesturlands gerði úttekt á því svæði sumrin 2020 og 2021.

Sveifluháls er innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur árið 1975.



1. mynd. Lagskipt móberg myndast þegar vatn kemur hreyfingu á öskuna áður en hún límist saman í móberg. Roföflin hafa síðan myndað fjölbreytta skúlptúra í bergið.

Framkvæmd


Sveifluháls var heimsóttur þann 2. ágúst 2023. Frá Krýsuvíkurvegi við Vatnsskarð að suðurenda hálsins eru um 15 km. Ekki var talið raunhæft að gera úttekt á öllum hálsinum fótgangandi á einum degi og var því

ákveðið að einblína á norðurhluta hans, en þar er vinsælasta gönguleiðin. Ekki er með fullu ljósti hvar skal hefja göngu á hálsinn en tvær leiðir virðast vera notaðar, annars vegar eftir malarslóða í Vatnsskarði og hins vegar upp hlíðina þar sem hún snýr að Lambhagatjörn. Ákveðið var að kanna síðari kostinn og sjá hvort þar væri stikuð leið eða göngustígur. Bílnum var lagt við norður enda Kleifarvatns en þar er illa afmarkað bílastæði. Gengið var eftir hálsinum að Miðdegishnúk og þaðan niður að Kleifarvatni. Snjallforritið Fieldmaps var notað til að skrá ástand svæðisins, taka myndir og færa í gagnagrunn. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndum til viðmiðunar þar sem því var komið við.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Á svæðinu er mjög óljóst hvar best sé að leggja bílum þegar gengið er á Sveifluháls. Hægt er að leggja við fjöruna við norðurenda Kleifarvatns en það bílastæði er illa afmarkað og algengt að sandurinn sé alsettur hjólförum. Engar upplýsingar eru á svæðinu né heldur göngustígar eða stikaðar leiðir. Á leiðinni upp á hálsinn mátti þó greinilega sjá ummerki eftir ferðafólki því víða var búið að rista í móbergið (2. mynd). Uppgangan var brött og eflaust ekki sú öruggasta til að komast upp á hálsinn. Uppi á hálsinum fannst ein planta af lúpínu en þær finnast í miklu magni neðar við vatnið. Víða sáust hjólför á hálsinum bæði í mölinni sem liggur ofan á móberginu og á gróðri. Þegar horft er til vesturs af hálsinum sést niður í Follaldadali, þar hefur myndast akslóði og út frá honum eru ótal hjólför (3. mynd).

Nokkuð villugjarnt getur verið á hálsinum og hætt við að landslagið leiði göngufólk að bröttum móbergshlíðum. Hugsanlega mætti bæta aðgengi og öryggi á Sveifluhálsi með gerð göngustíga og upplýsingaskilta en einnig skal hafa í huga að lítil ummerki um annað göngufólk er hluti af sérstöðu svæðisins og það virðist auðveldlega geta tekið við aukinni umferð göngufólks.



2. mynd. Við upphaf gönguleiðarinnar mátti víða sjá hvernig búið var að rista í móbergið.



3. mynd. Hjólför í Fólaldadölum.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Utanvegaakstur er sá þáttur sem hefur áhrif á ásýnd Sveifluháls umfram allt annað. Til að skilja hvernig hjólför og slóðar á svæðinu þróast þyrfti að vakta svæðið nokkrum sinnum yfir langt tímabil. Ef til vill hverfa sum för tiltölulega hratt á meðan önnur eru orðin varanleg. Einnig er ekki vitað hvort umferð vélknúna ökutækja sé að aukast eða dragast saman. Fjarkönnun með dróna er líklega vænlegasti kosturinn til að fylgjast með áhrifum utanvegaaksturs. Hægt væri að fá betri mynd af umfangi utanvegaaksturs með því að taka drónamyndir af svæðinu annað eða þriðja hvert ár.

Náttúrustofa Suðvesturlands hefur nú gert úttekt á bæði Norðurhluta Sveifluháls og Seltúni í tengslum við verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða. Sveifluhálsinn er stór og ef til vill eru á honum fleiri svæði sem vert væri að gera úttekt á svo sem umhverfis Arnarvatn og við suðurenda hálsins.